

Félagsþjónusta

Félagsþjónustan er mikilvægur lögbundinn málaflokkur sem hefur kallað á mikið samstarf sveitarfélaganna í A-Hún. Sveitarfélög sjá um að veita íbúum þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html>

Markmið félagsþjónustu sveitarfélaga er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúanna og stuðla að velferð á grundvelli samhjárpar. Það á m.a. að gera með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti, tryggja uppeldisskilyrði barna, veita aðstoð til þess að fólk geti búið sem lengst á eigin heimili, stundað atvinnu og lifað sem eðlilegustu lífi. Sveitarfélögum er sem sagt gert að veita fjölbreytta þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur. Sérstök áhersla er lögð á málefni barna, ungmenna, fatlaðs fólks og aldraðra. Sveitarfélagi ber einnig að veita félagslega ráðgjöf, félagslega heimaþjónustu og stuðning vegna húsnæðis-, vímuefna- og fjárhagsvanda.

Í dag leysa sveitarfélögin í A-Hún þessa þjónustu í samstarfi. Þau eru öll aðilar að Byggðasamlagi um félagsþjónustu. Tilgangur byggðasamlagsins er að „reka í sveitarfélögunum þau verkefni sem þeim er skylt að reka skv.neðangreindum lögum með síðari breytingum og reglugerðum sem af lögnum leiða“. Þetta eru lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlög.

Auk þessa reka sveitarfélögin félagsstarf fyrir aldraðra í samstarfi; Blönduósarbær og Húnavatnshreppur í Hnitbjörgum á Blönduósi en Skagabyggð er með samning við Sveitarfélagið Skagaströnd um félagsstarf aldraðra sem er á Skagaströnd. Sveitarfélögin sjá síðan sjálf um heimaþjónustu og málefni fatlaðs fólks eru vistuð hjá veitarfélaginu Skagafirði.

Sameinað sveitarfélag mundi væntanlega vista þessi málefni í félagsmálaráði eða nefnd í stað byggðasamlags og samninga milli sveitarfélaganna um einstök málefni.